



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Nafn leikskóla

2026– 2027



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.





## Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra .....	4
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026 .....	6
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027.....	11
4. Starfspróunarsamtöl.....	15
5. Fræðsla almennt út frá umbótaáttum leikskólans .....	15
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	16
7. Foreldrasamstarf .....	17
8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	19
9. Fylgiskjöl: .....	20
9.1 <b>Innra mat deildar 2025-2026</b> .....	20
9.2 <b>Umbótaáætlun deilda/deildar 2026-2027</b> .....	24
9.3 <b>Umsögn foreldraráðs</b> .....	35





## 1. Greinargerð leikskólastjóra

Hver dagur í starfi leikskóla er líkt og að vera staddur í skemmtilegu ævintýri þar sem engin dagur er eins og hver dagur er sem óskrifað blað í okkar sögu.

Okkar faglega starf er í stöðugri mótun innan leikskólans þar sem við endurmetum og mótum okkar stefnu og starf. Þetta skólaár hefur verið okkur lærdómsríkt, áhugasamt, krefjandi en ekki síður skemmtilegt. Hér á eftir verður það helsta tekið fram í grófum dráttum.

Skólanámskrá Hulduheima var endurunninn þar sem undanfarin skólaár höfum við fundið út hvað það er sem við viljum hafa í okkar námskrá og hvernig við viljum hafa starfið hér í Hulduheimum. Við höfum fundið okkar leiðir sem við teljum leiða til farsæls leikskólastarfs bæði fyrir börn, foreldra og starfsfólk Hulduheima.

Það sem efst er í huga akkúrat núna er að leikskólinn er að stækka og byrtist okkur hús á mjög svo stuttum tíma. Í apríl 2025 var byrjað á framkvæmdum við stækkun Hulduheima sem hefur heppnast einstaklega vel. Verktakar mættu með vinnuvélar strax eftir páskana og maður blikkaði nokkrum sinnum augunum og það var komið heilt hús. Engin röskun hefur verið á starfi okkar í Hulduheimum á þessum tíma og finnst mér það aðdádunarvert einnig hversu stuttan tíma það tók að reisa heilt hús á leikskólalóðinni sem er með tengibyggingu á milli. Vinnuvélar og starfsfólk á vegum verktaka sem hafa verið við störf hér hafa verið líkt og umhverfið okkar þriðji kennari á þessum tíma og fylgjast börnin grant með framkvæmdunum með sýnum forvitnu augum. Núna er unnið hörðum höndum að gera leikskólalóðina í kring tilbúna þannig að útisvæði barnanna stækkar til muna. Fljótlega eftir áramót var nafna og hugmyndakassi að nafni á nýju deildina bæði fyrir starfsfólk og börn tveggja elstu deilda leikskólans. Tvö nöfn fengu flest atkvæði og í framhaldi fengu börn leikskólans að kjósa um nöfnin Hulduhól og Hálsaskóg þar sem Hálsaskógur hafði vinningin með fjórum atkvæðum. Við erum full tilhlökkunar að færa elstu börn leikskólans yfir í Hálsaskóg í vetur og hefja þar spennandi starf.

Mikil veikindafjarvera starfsfólks hefur enn eitt skólaárið verið okkur í Hulduheimum mikil áskorun og höfum við þurft að grípa til faliðunar þetta skólaárið þar sem ekki var hægt að taka á móti öllum börnum leikskólans. Það er ósk mín að veikindafjarvera í Hulduheimum fari minnkandi þannig að við sem störfum þurfum ekki að reima á okkur hlaupaskóna og hlaupa og púsla saman dögnum.

Reykjavíkurleiðin er verkefni sem ánægjulegt er að taka þátt í og sjá að í raun og veru var hlustað á ákall okkar sem í leikskólum borgarinnar starfa. Það verður því fróðlegt að sjá hvernig það verkefni á eftir að þróast sem vonandi verður í rétta átt.

Vorið kom með tilheyrandi gleði þar sem Dagný danskennari mætti með sýna dásamlegu nærveru. Það er alltaf jafn ánægjulegt að horfa á hana töfra fram danskennslu sína og um leið aðstoða börn og starfsfólk að tjá sig í gegnum hreyfingu og tónlist.

Litlar breytingar hafa orðið þetta skólaár í okkar starfsmannahópi og í dag starfar í Hulduheimum metnaðarfullur og áhugasamur starfsmannahópur sem ég tel vera okkar bestu meðmæli. Tveir starfsmenn eru að fara í fæðingarorlof og ein er komin til baka og önnur væntanleg í ágúst úr fæðingarorlofi.





Þetta skólaár höfum við verið að byggja upp jákvæða og heilsueflandi vinnustaðamenningu í Hulduheimum út frá starfendarannsókn sem ég gerði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands síðastliðið skólaár. Niðurstöður hennar benda til þess að vel hafi tekist til og innan leikskólans starfar metnaðarfullt starfsfólk sem tilbúið var og er að vinna saman að þeirri uppbyggingu. Sameiginlegur samskiptasáttmáli var gerður sem er sýnilegur innan leikskólans. Hann er lifandi skjal sem tekur breytingum út frá markmiðum okkar hverju sinni þegar hann er endurmetinn. Gaman er að sjá að meiri gleði er farin að ríkja í Hulduheimum og við erum farin að horfa meira á okkur sem eina heild.

Að lokum langar mig að koma á framfæri miklu þakklæti til starfsfólks Hulduheima fyrir þeirra ómetanlegu störf. Einnig miklu þakklæti til foreldrahópsins og öllum þeim frábæru nemendum sem í leikskólanum dvelja fyrir viðburðaríkt, skemmtilegt og lærdómsríkt skólaár og ómetanlegt samstarf.

Inga Birna Sigurðardóttir, leikskólastjóri Hulduheima





## 2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

### Innra mat

Hvað var metið? Starfsþróunarsamtöl	
Hvernig fór matið fram?	30- 45 mín samtal sem hver starfsmaður fékk með leikskólastjóra. Farið yfir m.a. líðan í starfi, áskoranir og starfsárið metið.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allir starfsmenn Hulduheima sem ætla sér að starfa áfram í leikskólanum.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<p><b>Starfsandi:</b> Almenn kom fram að starfsandi í Hulduheimum væri mjög góður. Í einu viðtali kom þó fram að stundum kæmi upp einhver kergja innan starfsmannahópsins (þá aðalega þegar um veikindarvistir væri að ræða) sem bitnaði þá á móralinum, líkt og perringur og óþarfa skot á milli starfsfólks.</p> <p><b>Starfsumhverfi:</b> Það skapast oft álag þegar mikil veikindafjarvera er.</p> <p><b>Líðan í starfi:</b> Í heildina er líðan starfsfólks Hulduheima góð og rödd þeirra fær að heyrast og leikskólinn farinn að horfa á sig sem eina heild í stað fjóra litla leikskóla.</p> <p><b>Fræðsluþarfir:</b> Það sem kom fram í viðtölunum var að starfsfólk ætlar að skoða hvað verður í boði inni á Torginu, Menntafléttunni og MML (Miðja máls og læsis). Einnig kom fram að hafa námskeið líkt og Hreyfingu barna, námskeið sem tengjast sérkenntu og Reggio Emilia.</p>

Hvað var metið? Mat barnanna	
Hvernig fór matið fram?	Tveir elstu árgangar Hulduheima tóku þátt í mati skólaársins af og til út skólaárið. Eitt og eitt kom og svaraði spurningum (broskarlakerfi) hjá leikskólastjóra





	<p>um hvernig upplifun þeirra væri af: matsal, útiveru, sameiginlegar söngstundir og samverustundir.</p> <p>Einnig voru spurðar áhugaverðar spurningar líkt og hvað væri skemmtilegast að gera í leikskólanum og hvort það væri eitthvað sem væri erfitt að gera?</p>
<b>Hverjir tóku þátt í matinu?</b> <b>(starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)</b>	Tveir elstu árgangar Hulduheima
<b>Helstu niðurstöður mats</b> <b>(styrkleikar og tækifæri til umbóta)</b>	<p><b>Matsalur:</b> Börnin virðast líka við að borða saman í matsalnum þar sem þau skammta sér sjálf mat og velja sér sæti hjá vinum. Nokkrum finnst það samt frekar mikil áskorun þar sem „maturinn er svo góður að maður fær illt í magann“. Einum finnst frekar erfitt hvað „allir tala mikið“ þegar þeir eru að borða.</p> <p><b>Tækifæri til umbóta:</b> Miðað við svör þeirra virðast börnin ánægð með það fyrirkomulag sem er og því lítið um umbætur að ræða, nema möguleika að hafa þægilega og rólega tónlist yfir matartímann.</p> <p><b>Útivera:</b> Börnin í Hulduheimum finnst mjög gaman í útiveru enda útivera stór partur af okkar leikskólastarfi. Einu barni finnst hún sam sem áður mjög erfið þar sem „það er alltaf svo vont veður“.</p> <p><b>Tækifæri til umbóta:</b> Við ætlum að reyna okkar besta við að breyta veðurfari hér í Grafarvoginum og mögulega fá Sigga Storm með okkur í lið.</p> <p><b>Sameiginleg söngstund:</b> Almenn ánægja er hjá börnunum með sameiginlega söngstund á föstudagsmorgnum. En einu barni sem finnst „rosalega erfitt að sitja kjurr“ og öðru barni sem finnst bara „allt erfitt í söngstundinni“.</p> <p><b>Tækifæri til umbóta:</b> Hafa fleiri hreyfilög í söngstundinni þar sem börnin geta staðið meira upp og hreyft sig.</p>





	<p><b>Samverustundir:</b> Ánægjulegt er að sjá að börnin kunna að meta og finnst gaman í samverustundum. Einu barni finnst að vísu „rosalega erfitt að sitja svona lengi“.</p> <p><b>Tækifæri til umbóta:</b> Finna leið þannig að allir geta og fengið notið sín í samverustund. Skipta hópnum niður í fámennari hópa.</p> <p><b>Spurningar til barna:</b></p> <p><b>Hvað er skemmtilegast að gera í leikskólanum?</b> „Það er bara allt skemmtilegt í leikskólanum, holó, verkefni, mála, vera úti og allt“. „Verkefni og fara í ferðir er alveg rosa mikið skemmtilegt“. „Perla og vera úti“. „Gera svona verkefni“. „Leika með vini mínum“. „Þegar við erum að gera svona verkefni og líka að leika“</p> <p><b>Er eitthvað sem er erfitt að gera í leikskólanum?</b> „Stundum er erfitt að gera verkefni“. „Að sitja og sitja mikið“. „Stundum vil ég ekki fara í leikskólann“. „Nei það er ekki erfitt maður labbar bara og fer svo heim“.</p>
--	---

Hvað var metið? Þorra- og Góu samvera	
Hvernig fór matið fram?	Könnun send til foreldra/forráðamanna
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldrar/forráðamenn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Spurt var um tímasetningu og upplifun á Þorra- og Góu samveru og hvort óskir væru um aðra tímasetningu. Almenn ánægja á upplifun samverunnar í tengslum við Þorran og Góuna. Tímasetning í upphafi dags frá 8:15 – 9:00 hentar foreldrum vel miðað við niðurstöður þar sem 100% af þátttakendum taldi svo vera.





Hvað var matið? Starfendarannsókn, vinnustaðamenning	
Hvernig fór matið fram?	Leikskólastjóri gerði starfendarannsókn sem lokaverkefni sitt, M.Ed. í stjórnun menntastofnanna frá Háskóla Íslands.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allir starfsmenn leikskólans tóku að einhverju leyti þátt í rannsókninni t.d. í gerð samskiptasáttmála okkar. Þátttakendur voru þó aðalega fjórir deildarstjórar.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<p>Samkvæmt niðurstöðum þá er hægt að byggja upp jákvæða og heilsueflandi vinnustaðamenningu. Það er síðan í höndum okkar allra sem í leikskólanum starfar að viðhalda slíkri menningu. Samskiptasáttmáli var gerður sem lifandi og sýnilegt skjal. Þættir sem eru í þeim sáttmála eru: Virðing og kurteisi, jákvætt andrúmsloft, samskipti og samvinna, fagmennska og áreiðanleiki og öryggi og vellíðan. Undir hverjum þætti er síðan undirþættir.</p> <p>Tækifæri til umbóta: Meta á skipulagsdögum hvernig gengur og hvort einhverjir þættir séu búnir að festa sig í okkar menningu og hægt að taka út eða hvort bæta megi einhverju við.</p>

## Ytra mat

Hvað var matið? Starfsmannakönnun, Stofnun ársins	
Hvernig fór matið fram?	Könnun send á alla starfsmenn leikskólans
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk leikskólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<b>Niðurstöður:</b> Við erum að koma mjög vel út úr könnuninni og sýna niðurstöður að við erum að fara upp í öllum þáttum frá því fyrir ári síðan og erum afar stolt af starfi okkar í Hulduheimum.





**Styrkleikar:** Stefndum á að hækka starfshlutfallið og það tókst heldur betur þar sem þátttakan í ár var loksins þannig að við getum horft í niðurstöðurnar og þær marktækar þar sem svarhlutfall okkar fór yfir 80% en sú tala var það sem við horfðum til í okkar umbótum.

**Tækifæri til umbóta:** Í könnunni kom fram að bæta mætti hljóðvist inni á deildum Hulduheima sem við ætlum að setja okkur markmið á komandi skólaári. Við ætlum að óska eftir eins hljóðvistarplötum sem voru settar í loft í sameiginlega rými leikskólans.





### 3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Þeir þættir sem eru metnir yfir **allan leikskólann í heild sinni**. Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna.

Umbætur skulu taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

#### Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat

**Umbótaráttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)**

**Farsæld og inngilding** þar sem markmið okkar er að tryggja öllum börnum jöfn tækifæri til menntunar og velferðar, óháð bakgrunni eða aðstæðum.

**Læsi í víðum skilning** þar sem stuðlað er að efla læsi á öllum skólastigum.

**Reggio Emilia** að stíga skref í átt að leikskólinn starfi í anda Reggio Emilia

**Hljóðvist inni á deildum** að bæta hljóðvist inni á deildum leikskólans.

**Vinnustaðamenning/starfsandi** þar sem við erum í ferli að byggja upp jákvæða vinnustaðamenningu þá er það í höndum okkar starfsfólksins að viðhalda slíkri menningu.

**Hæglæti í fataherbergi** að bæði starfsfólk og börn hægi á sér í aðstæðum sem oft geta reynst okkur erfið.

**Lærdómssamfélag/Teymisvinna** þar sem starfsfólk fær tækifæri til ígrundunar á starfi sínu, leitist nýrra leiða, öflun nýrrar þekkingar með því að sýna stöðuga viðleitni til að læra og gera enn betur. Til að takist til þarf starfsfólk leikskólans að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda með velferð og öryggi barnanna að leiðarljósi.

**Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?**

**Læsi í víðum skilningi:** Ætlum að halda áfram þeirri vinnu sem við byrjuðum á síðasta skólaári. Vinnum með máhljóðin úr *Lubbi finnur málbein* og þannig aukum við





	<p>hljóðkerfisvitund barnanna og um leið þeirra orðaforða. Við syngjum lög um viðkomandi staf í sameiginlegri söngstund. Læsi í víðum skilningi fléttast inn í <i>Barn vikunnar</i> og ætlum við að fara yfir kassana með hverjum staf og bæta við þar sem þörf þykir. Við munum jafnframt halda áfram að styðjast við bókina <i>Orð eru ævintýri</i> sem MML gaf leikskólum. Með þessari vinnu erum við að auðga orðaforða barnanna og um leið gefst okkur tækifæri til að koma augu á þau börn sem þurfa á frekari aðstoð að halda.</p> <p><b>Reggio Emilia:</b> Við erum að stíga skrefin í að starfa í anda Reggio Emilia. Sækja fræðslu inn í leikskólan á skipulagsdögum.</p> <p><b>Hljóðvist inni á deildum:</b> Skoða hvað við getum gert til að bæta hljóðvist inni á deildum.</p> <p><b>Vinnustaðamening:</b> Rýna í samskiptasáttmála leikskólans sem er lifandi sýnilegt skjal. Eru þættir í honum sem eru orðnir fastir í okkar menningu og eru þættir sem við viljum bæta við. Jafningjastuðningur deildarstjóra sem settur var á út frá niðurstöðum starfendansóknar mun halda áfram og markmið að festast í okkar vinnustaðameningu.</p> <p><b>Hæglæti í fataherbergi:</b> Að bæði starfsfólk og börn hægjum á okkur þannig að það skapist meiri ró. Fara með fámenna hópa í einu til að það skapist ekki ringulreið.</p> <p><b>Lærdómssamfélag/teymisvinna:</b> Að fá starfsfólk til að vinna saman í teymum innan leikskólans, læsisteymi, umhverfisteymi, opinn efniviður, heilsuteymi og matsteymi.</p>
<p><b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b></p>	<p><b>Læsi í víðum skilningi:</b> Vinni eftir læsisáætlun Hulduheima og deildar setji niður hvernig þær ætla að dýpka Lubba og vinnu með <i>Orð eru ævintýri</i>.</p> <p><b>Reggio Emilia:</b> Að starfsfólk tileinki sér hugmyndafræði Reggio Emilia, látum efnivið sem ekki tilheyrir þeirri fræði</p>





	<p>fara frá okkur og bætum frekar inn efnivið sem passar inn í hugmyndafræði Reggio Emilia.</p> <p><b>Hljóðvist:</b> Skipta barnahópnum meira niður, fá sömu hljóðvist inni á deildarnar og eru frammi á ganginum, nýta rými innan leikskólans.</p> <p><b>Vinnustaðamenning:</b> Að starfsfólk sé meðvitað að það erum við sem sköpum jákvæða og heilsueflandi vinnustaðamenningu. Að rýna í samskiptasáttmála leikskólans og taka út það sem festist í okkar menningu og bætum við sem við viljum eða þurfum að skerpa á.</p> <p><b>Hæglæti í fataherbergi:</b> Að hægja á hraðanum sem einkennir oft á tíðum okkar starf. Það þurfa ekki allir að fara í fataklefan í einu. Hann er sameiginlegur og getur því myndast mikill erill þegar 80 börn eru þar á sama tíma. Fara með minni hópa í einu og þegar fyrsti hópur er klár þá fer hann út með starfsmanni og næsti hópur kemur.</p> <p><b>Lærdómssamfélag/teymisvinna:</b> Halda áfram að byggja upp lærdómssamfélag innan leikskólans og skipta starfsmannahópnum niður í teymi.</p>
<p><b>Ábyrgð</b></p>	<p><b>Læsi í víðum skilningi:</b> Allir starfsmenn Hulduheima</p> <p><b>Reggio Emilia:</b> Allir starfsmenn Hulduheima</p> <p><b>Hljóðvist:</b> Allir starfsmenn Hulduheima og leikskólastjóri sér um að skipta út hljóðvist í lofti.</p> <p><b>Vinnustaðamenning:</b> Allir starfsmenn Hulduheima að viðhalda jákvæðri og heilsueflandi vinnustaðamenningu, ábyrgð leikskólastjóra að halda umræðum og meta samskiptasáttmála með starfsfólki Hulduheima.</p> <p><b>Hæglæti í fataherbergi:</b> Allir starfsmenn Hulduheima</p> <p><b>Lærdómssamfélag/teymisvinna:</b> Leikskólastjóri og allt starfsfólk Hulduheima að koma með sína þekkingu og aflu nýrrar.</p>





<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	<b>Læsi í víðum skilningi:</b> Allt skólaárið <b>Reggio Emilia:</b> Allt skólaárið <b>Hljóðvist:</b> Allt skólaárið <b>Vinnustaðamenning:</b> Allt skólaárið <b>Hæglæti í fataherbergi:</b> Allt skólaárið <b>Lærdómssamfélag:</b> Allt skólaárið
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	<b>Læsi í víðum skilningi:</b> Mánaðarmatsblöð <b>Reggio Emilia:</b> Lærdómssamfélag og á deildar- og starfsmannafundum. <b>Hljóðvist:</b> Út frá niðurstöðum úr könnun “Stofnun ársins” <b>Vinnustaðamenning:</b> Á starfsmannafundum <b>Hæglæti í fataherbergi:</b> Á deildar- og starfsmannafundum <b>Lærdómssamfélag:</b> Út frá hverjum fundi innan hvers teymis.
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	<b>Læsi í víðum skilningi:</b> Með átaki (Lubba lestrarátaki) og með sýnilegu ritmáli innan leikskólans. <b>Reggio Emilia:</b> Opinn efniviður verði meiri sýnilegri og aðgengilegri. Stýrð sköpun verði minni líkt og tilbúinn leikefniviður. <b>Hljóðvist:</b> Að við höldum áfram að fara upp og markmiðið er að við verðum í 3,8 í kaflanum um vinnuskilyrði. <b>Vinnustaðamenning:</b> Að við tileinkum okkur jákvæða og heilsueflandi vinnustaðamenningu, minnum hvert annað á ef við verðum vitni af einhverjum ruglast. Að niðurstöður í næstu könnun “Stofnun ársins” sýni 5. <b>Hæglæti í fataherbergi:</b> Að það verði notalegt að koma í fataherbergi og ekki eins mikill erill. <b>Lærdómssamfélag:</b> Að hvert teymi nái að hittast fjórum sinnum yfir skólaárið.





#### 4. Starfsþróunarsamtöl

Hvernig og hvenær fóru þau fram?

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í apríl og fram í maí mánuð 2026. Hvert samtal stóð í 30- 45 mín. sem hver starfsmaður fékk með leikskólastjóra fyrir þá starfsmenn sem ætla sér að halda áfram störfum í Hulduheimum. Í samtölunum fengu starfsmenn tækifæri til að ræða m.a. líðan í starfi, áskoranir, markmið og starfsárið metið.

Deildarstjórar taka jafnframt snerpusamtöl við sitt starfsfólk og sérkennslustjóri við það starfsfólk sem sinnir sérkennslu innan leikskólans.

Á næsta skólaári verða líkt og þetta skólaár starfsþróunarsamtöl þar sem farið verður m.a. yfir styrkleika og hæfileika, starfsanda og starfsþróun, tækifæri til vaxtar og stöðugar framfarir þar sem leikskólastjóri á samtal við hvern starfsmann. Starfsþróunarsamtöl fara fram á tímabilinu febrúar – apríl 2027.

Móttökuáætlun Hulduheima er fylgd eftir þegar nýr starfsmaður hefur störf í leikskólanum og jafnframt fær hann nýliðafræðslu í gegnum Torgið, vefur Reykjavíkurborgar. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri hefur ábyrgð á móttöku nýrra starfsmanna. Deildarstjóri er jafnframt með leiðbeinandi- og hvatningarsamtöl við nýja starfsmenn leikskólans.

#### 5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Gróf áætlun um fræðslu og starfsþróun fyrir starfsmannahópinn veturinn 2026-2027 byggt á umbótaþáttum leikskólans fyrir árið.

- Upprifjun og fyrirlestur á Náttúrulegri kennslu.
- Leikskólastjóri tekur þátt í lærdómssamfélagi leikskólastjóra á vegum SFS.
- Sérkennslustjóri tekur þátt í lærdómssamfélagi sérkennslustjóra á vegum SFS.
- Lærdómssamfélag innan leikskólans.
- Aðstoðarleikskólastjóri stundar M.T. nám í leikskólakennarafræðum frá HÍ.
- Námskeið sem í boði eru hjá SFS. sem hentar okkar starfi og innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkurborgar.
- Námskeið á vegum Menntafléttunar.
- Námskeið sem tengjast hugmyndafræði Reggio Emilia.
- Námsferð áætluð á vorönn 2027 til Stokkhólms að kynna okkur og afla þekkingar á hugmyndafræði Reggio Emilia.
- Starfsmenn nýti sér TORGIÐ.





- Starfsmenn verði áhugasamt og sækja og leitast eftir endurmenntun.

## 6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Tímasett áætlun um samstarf við grunnskóla og frístund kemur hér fram þar sem settar eru niður áherslur og skipulag næsta starfsárs.

Markmið með samstarfi á milli Borgaskóla, Hulduheima og Hvergilands miðar að því að auðvelda skilin á milli skólastiga. Elstu börn Hulduheima eru flest væntanlegir nemendur í Borgaskóla og því mikilvægt að þau fái tækifæri til að kynnast starfi Borgaskóla og aðstæðum. Einnig er skemmtilegt fyrir nemendur í 5. bekk Borgaskóla að fá það hlutverk að vera skólavinir væntanlegra nemenda í 1. bekk. Samstarf skólastigana snýr jafnframt að samstarfi starfsfólks og kennara skólanna. Styrkurinn felst í því að við öðlumst þekkingu á störfum hvers annars, getum miðlað okkar á milli og lært hvert af öðru. Samstarfið við Borgaskóla hefur gengið mjög vel út frá þeirri áætlun sem gerð er ár hvert.

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
<b>September 2026</b>	Vinabekkir koma í heimsókn í Hulduheima og kynna sig og sýna hvað á heima í skólastöskunni. Hulduheimar heimsækja Borgaskóla, skoða skólabyggingu og heilsa upp á skólastjóra Borgaskóla	Hulduheimar Borgaskóli	Fulltrúi Borgaskóla, deildarstjóri og Leikskólastjóri
<b>Október 2026</b>	Hulduheimar heimsækja myndmenttastofu og textíl. Hulduheimar heimsækja Hvergiland	Borgaskóli Hvergiland	Fulltrúi Borgaskóla, deildarstjóri, fulltrúi Hvergilands og leikskólastjóri.





<b>Nóvember</b>	Hulduheimar heimsækja bókasafn Nemendur 5. bekkjar koma og lesa fyrir börn leikskólans.	Borgaskóli Borgaskóli	Fulltrúi Borgaskóla, deildarstjóri og leikskólastjóri.
<b>Desember</b>	Hulduheimar heimsækja Hvergiland	Hvergiland	Fulltrúi Borgaskóla, deildarstjóri, fulltrúi Hvergilands og leikskólastjóri.
<b>Febrúar</b>	Hulduheimar heimsækja íþróttasalinn	Borgaskóli	Fulltrúi Borgaskóla, deildarstjóri og leikskólastjóri.
<b>Mars</b>	Hulduheimar heimsækja tónmenntatíma.	Borgaskóli	Fulltrúi Borgaskóla, deildarstjóri og leikskólastjóri.
<b>Apríl</b>	Hulduheimar heimsækja Hvergiland	Hvergiland	Fulltrúi Borgaskóla, deildarstjóri, fulltrúi Hvergilands og leikskólastjóri.
<b>Maí</b>	Hulduheimar heimsækja kennslustund með 1. bekk	Borgaskóli	Fulltrúi Borgaskóla, deildarstjóri og leikskólastjóri.

Fundur verður haldinn 28. maí 2026 og dagskrá fyrir næsta skólaár verður væntanlega ekki komin fyrir skil á starfsáætlun en þær hafa verið svipaðar undanfarin ár.

## 7. Foreldrasamstarf

Foreldrum barna í Hulduheima er send kynning á starfi leikskólans að hausti í stað þess að boða til fundar sem hefur sýnt sig að dræm þátttaka hefur verið. Inni á heimasvæði leikskólans hjá Reykjavíkurborg er kynningarmyndband um starf Hulduheima. Foreldrasamtöl eru tvö á ári, í október/nóvember og síðan í mars/apríl og oftast ef þörf þykir. Foreldrar geta ávallt óskað eftir samtali því það er ósk okkar í Hulduheimum að skapa gott samstarf á milli heimilis og skóla sé eins og best verður á kosið. Þegar líða fer að jólum höldum við jólaverkstæði í Hulduheimum þar sem





foreldrar koma og eiga samverustund með barni sínu og föndra í sameiningu jólaföndur á fjölbreyttum stöðvum innan leikskólans sem starfsfólk Hulduheima setur upp. Við erum einnig með foreldradag í apríl þar sem foreldrum gefst kostur á að vera þátttakendur í starfi okkar.

Samkvæmt lögum um leikskóla, nr. 90/008, skal vera starfandi foreldraráð við hvern leikskóla.

- Í foreldraráði Hulduheima sitja þrjú fulltrúar, tveir sem eru að sitja sitt annað ár og einn sem kom nýr inn síðastliðið haust.
- Það er í höndum leikskólastjóra að hafa frumkvæði að kosningu í foreldraráð leikskólans og jafnframt að starfa með foreldraráði. Á þessu skólaári var það í höndum foreldraráðsins að ákveða sumarlokun og í samráði við leikskólastjóra var ákveðið að sumarlokun sumarið 2026 yrði frá 8. júlí til 5. ágúst.

Haldnir eru fundir eftir þörfum og gefur foreldráð umsögn með starfsáætlun áður en henni er skilað inn til skóla- og frístundaráðs fyrir 1. júní. Jafnframt gaf foreldraráð umsögn með skólanámskrá sem var endurgerð árið 2025.

#### **Hlutverk foreldraráðs og foreldrafélags:**

Foreldraráð skal gefa umsagnir til leikskólans og skóla- og frístundaráðs um:

- Skólanámskrá
- Starfsáætlun
- Aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans samkvæmt leikskólalögum ber skóla- og frístundaráðs að samþykkja skólanámskrá og starfsáætlun leikskóla. Til að hægt sé að leggja þær fyrir ráðið þarf umsögn foreldraráðs að liggja fyrir.

Í Hulduheimum er starfandi mjög öflugt foreldrafélag sem kemur að ýmsum viðburðum eins og t.d. sveitaferð að vori, tekur þátt í danskenntu að vori, tekur þátt í útskriftarferð elstu barna í Vatnaskóg, vorhátíð, leiksýningu við sérstök tilefni, páskaföndur, jólaskemmtun og annan glaðning.

Foreldrafélagið er með verkefnaáætlun og heldur fundi eftir þörfum yfir skólaárið. Formaður foreldrafélagsins í samráði við stjórn þess skilar inn ársskýrslu og uppgjör frá gjaldkera eftir hvert skólaár, að hausti. Í ár var meðþátttaka þegar óskað var eftir þátttöku og vonandi er það sem koma skal.





## 8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

### Skipulagsdagar fyrir skólaárið 2026-2027

21. ágúst - Smíðjur í sköpun með Önnu Grétu og skipulag haustsins.

30. september – Sameiginlegur skipulagsdagur leik- og grunnskóla í Reykjavík - Austur.

27. nóvember - Starfsmannafundur og deildarfundir.

5. febrúar - Dagur leikskólans, sameiginlegur skipulagsdagur leik- og grunnskóla í Reykjavík - Austur.

27. apríl - Menntastefnumót, sameiginlegur skipulagsdagur leik- og grunnskóla í Reykjavík - Austur.

7. maí - Fyrirhuguð námsferð til Stokkhólms.

### Leikskóladagatal 2026 - 2027

Nafn leikskóla:

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ	JÚLÍ					
1. L	1. M	1. F	1. S	1. M	Félagsskólagættun	1. F	Nýársdagur	1. M	Vínudagur	1. M	Förðagsdagur	1. F	1. L	Vörðagsdagurinn	1. M	1. F
2. S	2. M	2. F	2. M	Vínudagur	2. M	2. L	2. M	Vínudagur	2. M	Förðagsdagur	2. F	2. S	2. S	2. M	2. M	2. F
3. M	Friðdagur varðveismanna	3. F	3. L	3. M	Vínudagur	3. F	3. S	3. M	Vínudagur	3. M	Förðagsdagur	3. L	3. L	3. F	3. F	3. L
4. M	4. F	4. S	4. M	Vínudagur	4. F	4. M	4. F	4. F	Vínudagur	4. F	Förðagsdagur	4. S	4. M	4. F	4. F	4. S
5. M	5. L	5. M	5. F	Vínudagur	5. L	5. M	5. F	5. F	5. F	Skipulagsdagur	5. F	Förðagsdagur	5. M	5. M	5. L	5. M
6. F	6. S	6. M	6. F	Vínudagur	6. S	6. M	Þrettándinn	6. L	Dagur leikskólans	6. L	6. M	6. M	6. F	Útsetningardagur Hinnertan	6. S	Stímannsdagurinn
7. F	7. M	7. M	Rúsdagur	7. L	7. M	7. F	7. S	Dagur leikskólans	7. S	7. M	7. M	7. M	7. F	7. F	7. M	7. M
8. S	8. M	Dagur leikskólans	8. F	8. S	8. M	8. F	8. M	8. M	8. M	8. M	8. M	8. M	8. M	8. M	8. M	8. M
9. S	9. M	9. F	9. M	9. M	9. M	9. M	9. M	9. M	9. M	9. M	9. M	9. M	9. M	9. M	9. M	9. M
10. M	10. F	10. L	10. M	10. M	Júlaheill	10. S	10. M	10. M	10. M	10. M	10. M	10. M	10. M	10. M	10. M	10. M
11. M	11. F	11. S	Félagsskólagættun Förðagsdagur (M)	11. M	Afmálsdagur Haldshúsmá	11. F	11. M	11. F	11. M	11. M	11. M	11. M	11. M	11. M	11. M	11. M
12. M	12. L	12. M	12. F	12. F	12. L	12. M	12. F	12. F	12. F	12. F	12. F	12. F	12. F	12. F	12. F	12. F
13. F	13. S	13. M	13. F	13. S	13. M	13. L	13. M	13. L	13. M	13. M	13. M	13. M	13. M	13. M	13. M	13. M
14. F	14. M	14. M	14. L	14. M	14. M	14. F	14. S	14. S	14. S	14. S	14. S	14. S	14. S	14. S	14. S	14. S
15. L	15. M	15. F	15. S	15. M	15. F	15. M	15. M	15. M	15. M	15. M	15. M	15. M	15. M	15. M	15. M	15. M
16. S	16. M	Dagur leikskólans aðlöðun	16. F	16. M	Dagur leikskólans tú	16. M	16. L	16. M	16. M	16. M	16. M	16. M	16. M	16. M	16. M	16. M
17. M	17. F	17. L	17. M	17. M	Lokkifélagið	17. S	17. M	17. M	17. M	17. M	17. M	17. M	17. M	17. M	17. M	17. M
18. M	18. F	18. S	18. M	18. M	18. M	18. M	18. M	18. M	18. M	18. M	18. M	18. M	18. M	18. M	18. M	18. M
19. M	19. L	19. M	19. F	19. L	19. M	19. M	19. F	19. M	19. M	19. M	19. M	19. M	19. M	19. M	19. M	19. M
20. F	20. S	20. M	20. F	20. S	20. M	20. L	20. M	20. M	20. M	20. M	20. M	20. M	20. M	20. M	20. M	20. M
21. F	Skipulagsdagur	21. M	21. L	21. M	21. M	21. F	21. S	21. S	21. S	21. S	21. S	21. S	21. S	21. S	21. S	21. S
22. L	22. M	22. F	22. S	22. M	22. F	22. M	22. M	22. M	22. M	22. M	22. M	22. M	22. M	22. M	22. M	22. M
23. L	23. M	23. F	23. S	23. M	23. F	23. M	23. M	23. M	23. M	23. M	23. M	23. M	23. M	23. M	23. M	23. M
24. M	24. L	24. M	24. F	24. M	24. F	24. M	24. M	24. M	24. M	24. M	24. M	24. M	24. M	24. M	24. M	24. M
25. M	25. L	25. M	25. F	25. M	25. F	25. M	25. M	25. M	25. M	25. M	25. M	25. M	25. M	25. M	25. M	25. M
26. M	26. L	26. M	26. F	26. M	26. F	26. M	26. M	26. M	26. M	26. M	26. M	26. M	26. M	26. M	26. M	26. M
27. F	27. S	27. M	27. F	27. S	27. M	27. L	27. M	27. M	27. M	27. M	27. M	27. M	27. M	27. M	27. M	27. M
28. F	28. M	28. L	28. M	28. L	28. M	28. M	28. M	28. M	28. M	28. M	28. M	28. M	28. M	28. M	28. M	28. M
29. L	29. M	29. F	29. S	29. M	29. F	29. M	29. M	29. M	29. M	29. M	29. M	29. M	29. M	29. M	29. M	29. M
30. S	30. M	Skipulagsdagur	30. F	30. M	30. L	30. M	30. M	30. M	30. M	30. M	30. M	30. M	30. M	30. M	30. M	30. M
31. M	31. L	31. M	31. F	31. M	31. F	31. M	31. M	31. M	31. M	31. M	31. M	31. M	31. M	31. M	31. M	31. M

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þeir þessu skulu vera á sama tíma og starfsdagur starfsfólks eða fridagar nemenda í grunnskólum en hinir þeir geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Einn dagur í febrúar er lokaður vegna vetrarfriðis og skráningardagar eru tíu. Foreldrar sem þurfa vistun á skráningardögum sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samféllt í tíu til tuttugu virka daga. Stærna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólástjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis





## 9. Fylgiskjöl:

### 9.1 Innra mat deildar 2025-2026

Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs.

#### Innra mat Álfhóll

##### Styrkleikar

**Flæðilestur:** Gekk vel fyrir áramót en mjög vel eftir áramót. Gerðar voru breytingar í samráði við starfsfólk deildar og fundum við út hvað hentaði deildinni best til að ná sem bestum árangri.

**Gæða leikstund:** Er tvímælalaust eitthvað sem við höldum áfram að þróa, byrjuðum með hana í október/nóvember. Við sameinuðum gæðaleikstund og þemavinnu eftir áramót þar sem unnið var með íslensku húsdýrin. Þar gafst mjög gott tækifæri til að vinna einnig með það sem lagt er áherslu á í gæðaleikstund.

**Deildarfundir:** Tímasetning deildarfunda samkvæmt umbótaáætlun gekk ekki upp, erfitt að fá aðstoð starfsmanna í húsi til að halda fundi. Fundum annan tíma sem hentaði deildinni vel, höfðum fundi eftir þörfum. Reglulegir deildarfundir skila betri og skilvirkari vinnu með börnunum.

##### Tækifæri

**Flæðilestur:** Einn starfsmaður sá um flæðilestur viku í senn og byrjaði lestur um kl: 8:30. Lesin var sama bókin fyrir börnin í hálfan mánuð til mánuð í senn. Það skapaðist góð stund fyrir einstaklingsmiðað nám og við sjáum tækifæri til að þróa flæðilestur en betur, lestur bóka skilar miklu. Börnin voru flest mjög áhugasöm og báðu um þessar stundir.

**Gæða leikstund:** Gefur kennara tækifæri til að vinna með ýmsa þætti er snúa að þroska barnanna, s.s. félagsþroska, tjáningu, málörvun og fleiru, í íslensku málumhverfi, án utanaðkomandi truflunar sem skiptir miklu máli.

**Deildarfundir:** Hafa deildarfundi í hádeginu ca. kl. 12:30 – 13:30 þá erum við ekki háð því hvernig staðan er í húsinu.





## Innra mat Sólskinsbær

### Styrkleikar

**Deildarfundir:** Ekki tókst að framfylgja því sem lagt var upp með. Tímasetningin gekk ekki upp og erfitt var að fá fólk til að leysa af. Þeir fundir sem haldnir voru, skiluðu góðri vinnu.

Deildarfundir eru mikilvægir fyrir samskipti kennara og það að koma upplýsingum á milli.

**Læsi í víðum skilningi/hljóðkerfisvitund** – „Lubbi finnur málbein“. Það var unnið mjög markvisst eftir áætlun sem útbúin var að hausti en eftir áramót þá fór aðeins minna fyrir þessari vinnu og varð hún ekki jafn markviss.

**Skráningar:** Deildarstjóri hefði viljað sjá fleiri skráningar gerðar yfir árið en þær skráningar sem útbúnar voru fóru strax í ferilmöppu barnsins.

### Tækifæri

**Deildarfundir:** Hafa deildarfundi í hádeginu meðan börnin sofa eða á morgnana, færi eftir stöðu dagsins og vera þá ekki háður einhverjum ákveðnum degi vikunnar.

**Læsi í víðum skilningi/hljóðkerfisvitund** – „Lubbi finnur málbein“. Í samverustundum á morgnana verður stafur kynntur, lesin verður örsaga fyrir börnin og hlustað á Lubbalag tengt stafnum. Lubba plaggöt verða hengd víðsvegar upp á vegg inni á deild í þeirra hæð sem kveikir áhuga hjá börnunum að skoða. Upphafsstafur hvers barns er kynntur sem hefur sýnt sig að þau læri lang flest.

**Skráningar:** Það er gefandi að sjá hversu gaman börnunum finnst að skoða ferilmöppurnar sínar og sýna öðrum og ræða hvað þau voru að gera hverju sinni og setjum okkur markmið að þær verði fleiri á komandi skólaári.





## Innra mat Kardemommubær

### Styrkleikar

**Læsi í víðum skilningi/hljóðkerfisvitund – „Lubbi finnur málbein“.** Unnið var samkvæmt áætlun með hvern staf í ákveðinn tíma. Stafurinn lagður inn, hljóð kennt og tákni fyrir stafinn. Lubballagið sungið, örsaga lesin og Lubbakassarnir notaðir. Auk þess var gott aðgengi að skriffærum, blöðum og bókstöfum. Börnin voru mjög áhugasöm og tóku virkan þátt. Við náðum ekki að vinna sköpun með hverjum staf. Einnig tókst ekki að vinna sérstakt verkefni þar sem barn átti að finna þann staf sem unnið var með í texta.

**Læsi í víðum skilningi/“Orð eru ævintýri“ í þemavinnu:** Vel gekk að vinna í þemavinnu um vináttu, árstíðir, jól og húsdýrin. Bækur, söngvar og skapandi starf voru tengdar við hvert þema. Stuðst var m.a. við fræðslufni um húsdýrin og námsefni um vináttu frá Barnaheill. Við ljósrituðum myndir úr bókinni *Orð eru ævintýri* og gerðum veggspjöld sem við hengdum upp á vegg og skiptum út eftir því hvaða þema var tekið fyrir. Börnin voru áhugasöm og viðfangsefnið höfðuðu vel til barnanna.

**Hæglæti í fataklefa:** Ef allir starfsmenn voru mættir gekk vel að fara með færri börn í fataklefa þegar farið var út og eins þegar börnin komu inn. Þá var meiri ró í fataklefanum og tími til að sinna hverju barni og leiðbeina þeim að klæða sig og ganga frá þegar þau komu inn. Börnin eru dugleg að hengja upp fötin sín og setja húfur og vettlinga í hólf. Lítið pláss er fyrir skó og stígvél og erfitt fyrir börnin að ganga frá þeim svo vel sé.

**Skráningar úr útinámi:** Hugmyndir var taka ljósmyndir af því sem börnin eru að gera í útinámi og var það gert af og til í garði leikskólans og sett inn á Völuna þar sem börn og foreldrar gátu skoðað myndirnar. Okkur tókst mjög sjaldan að fara í gönguferðir um nágrennið. Hins vegar fórum við reglulega í sögustund í Borgarbókasafninu Spönginni með báða aldursflokka og gerð skráning með nokkrar af ferðunum. Eldri börnin á deildinni fóru einnig á nokkur söfn og voru skráningar gerðar um þær ferðir.





## Tækifæri

**Læsi í víðum skilningi/hljóðkerfisvitund – „Lubbi finnur málbein“.** Fara yfir færri bókstafi og vinna með þá eins og fram kemur í styrkleikum en sleppa skapandi starfi með stafina og ekki að vinna sérstakt verkefni þar sem barn átti að finna þann staf sem unnið var með í texta.

Læsi í víðum skilningi/„Orð eru ævintýri“ í þemavinnu. Að nýta áfram fjölbreytt námsefni leikskólans og vinna skapandi starf í tengslum við þemun.

**Hæglæti í fataklefa:** Leggja áfram áherslu á að vera með færri börn í fataklefan í einu því það skapar meiri ró og tækifæri til að spjalla og leiðbeina börnunum.

**Skráningar úr útinámi:** Viljum gera betur með að fara í göngferðir með börnin og skrá útinám barna í garðinum og í gönguferðum.

## Innra mat Sjónarhóll

### Styrkleikar

**Læsi í víðum skilningi/hljóðkerfisvitund – „Lubbi finnur málbein“.** Það var unnið markvisst eftir áætlun sem var gerð og gekk það vel. Eldri börnin lærðu flest alla stafina, hljóðin og táknið, en ekki voru gerðar sömu kröfur á yngri börnin en mörg þeirra lærðu flesta stafina.

**Læsi í víðum skilningi/ „Orð eru ævintýri“ í þemavinnu.** Bókin „Orð eru ævintýri“ var alltaf aðgengileg fyrir börnin en það var misjafnt hvað þau sýndu henni mikinn áhuga. Veggspjöld voru hengd upp og voru þau tengd því þema sem við unnum með hverju sinni. Yngri börnin sýndu bókinni og veggspjöldunum meiri áhuga og vakti það umræður og spurningar hjá þeim. Þetta höfðaði ekki eins vel til eldri barnanna. Þemavinnan gekk vel og var unnin þannig að farið var eftir því hvar áhugi barnanna var og þau réðu svolítið ferðinni.

**Hæglæti í fataklefa:** Lagt var upp með að skapa ró þannig að það yrði minna um árekstra milli barnanna, meiri tími til að sinna hverju barni og kenna því að ganga frá fötunum sínum.

**Skráningar úr ævintýraferðum:** Lögð var áhersla á að taka mikið af myndum í ævintýraferðum og það var gert og skráning gerð úr ferðum og hengd upp í fataklefa og einnig myndir sendar heim til foreldra í gegnum Völu appið.





## Tækifæri

**Læsi í víðum skilningi/hljóðkerfisvitund – „Lubbi finnur málbein“.** Alltaf í samverustund á mánudögum var nýr stafur kynntur og unnið með hann alla vikuna með mismunandi verkefnum. Börnin voru mjög áhugasöm og móttækileg og voru því mjög fljót að læra og mörg þeirra fóru að hljóða saman orð, það voru gripin öll tækifæri sem gáfust til að hvetja þau áfram þegar þau sýndu áhuga. Börnin unnu mikið með stafina æfðu sig að skrifa þá og reyna að skrifa orð. Gott aðgengi að ritföngum, litum og blöðum varð til þess að börnin gátu æft sig þegar þau vildu og fengið aðstoð frá starfsfólki. Það var unnið markvisst með þetta verkefni í allan vetur og komum við til með að halda því áfram.

**Læsi í víðum skilningi/ „Orð eru ævintýri“ í þemavinnu.** Bókin „Orð eru ævintýri“ og veggspjöldin vöktu spurningar og út frá því góðar umræður. Þemavinnan var unnin á forsendum barnanna og leiðin lá eftir því hvar þeirra áhugi var. Höldum áfram að vinna á þennan hátt með þema.

**Hæglæti í faraklefa:** Gáfust tækifæri til að spjalla, skapa ró, kenna barninu að ganga um fataklefan og færri árekstrar milli barna. Þetta var ekki tekið nógu föstum tókum og verður því endurtekið næsta skólaár í starfsáætlun.

**Skráningar úr ævintýraferðum:** Starfsmenn voru meðvitaðri um hvað ævintýraferð var og hvað var verið að gera í þeim. Foreldrar spurðu um ferðirnar og gaman var að sjá hvað börnin voru áhugasöm að sýna foreldrum sínum hvað þau hefðu verið að gera.

## 9.2 Umbótaáætlun deilda/deildar 2026-2027

Álfhóll börn fædd 2024 og 2025	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Sköpun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin njóti þess að skapa á fjölbreyttan hátt. Að stuðla að upplifun, forvitni, áhuga, athygli, hugrekki, samstarfi og skráningu. Að gera nám barnanna sýnilegt.





<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Auka aðgengi að skapandi náttúrulegum efnivið t.d. úr tré. Kanna og vinna með margskonar efnivið inni og úti. Gefa börnunum tækifæri til að kanna viðfangsefni frá mörgum hliðum og á eigin forsendum. Kennarar velji leiðir og efnivið sem hvetja til sjálfstæðra vinnubragða og hugsunar hjá börnunum.
<b>Ábyrgð</b>	Deildarstjóri og deildarstarfsfólk.
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Hefst í október 2026 – júní 2027
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Metið mánaðarlega á deildarfundi. Taka ljósmyndir og gera skráningar. Kennari sýnir og segir frá skráningu á deildarfundi, hún ígrunduð.
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Fyrstu og síðustu skráningar bornar saman. Erum við sáttar við hvernig til tókst, sjáum við þróun í sköpunarferli barnanna.

### Álfhóll börn fædd 2024 og 2025

<b>Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)</b>	Deildarfundir.
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Að deildarfundir verði 2-3x í mánuði í 40 – 50 mínútur, eða eins og hægt er meðan börnin sofa.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Deildarfundir séu frá ca. kl. 12:30 til 13:30, meðan börnin eru í hvíld/sofnuð, fá að senda börn sem vakna snemma fram til starfsfólks Sólskinsbæjar þegar líður á veturinn.
<b>Ábyrgð</b>	Deildarstjóri
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Áætlað að byrja í september og síðustu fundir í júní 2027.





<b>Hvenær og hvernig á að meta?</b> <b>Hvaða aðferðir á að nota við matið</b> <b>(t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Metið í upphafi deildarfundar í desember með starfsfólki deildar. Hvernig gekk, hvað má betur fara, hvernig getum við bætt úr. Starfsfólk fyllir út matsblað og kemur með á fund.
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Viðmið er að ná átta deildarfundum fyrir fyrsta deildarfund í desember.

### Álfhóll börn fædd 2024 og 2025

<b>Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)</b>	Gæðaleikstund.
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Að efla barn/börnin í gagnvirkum samskiptum. Að barn/börnin fái notið sín í leik með kennara í íslensku málumhverfi án utanaðkomandi truflunar. Að efla tvítyngd og fjöltyngd börn í tjáningu.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Tveimur til fjórum börnum boðið inn í hreiður. Leikefniviður valinn með það í huga hvað vinna á með hverju sinni.
<b>Ábyrgð</b>	Deildarstjóri og starfsmaður sem ber ábyrgð á stundinni hverju sinni.
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Áætlað að byrja um miðjan október 2026 til maí 2027.
<b>Hvenær og hvernig á að meta?</b> <b>Hvaða aðferðir á að nota við matið</b> <b>(t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Metið á síðasta deildarfundum hvers mánaðar. Matsblað fyllt út á fundinum.
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem</b>	Tekið saman í lok vetrar hvernig til tókst og hvað megi betur fara.





stuðst er við til að meta hvernig  
tókst að ná markmiði

### Álfhóll börn fædd 2024 og 2025

Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s.  
stjórnun, uppeldis og menntastarf,  
mannauður/leikskólabragur, innra  
mat)

Flæðilestur.

Tækifæri til umbóta-Að hverju er  
stefnt?

Að efla málþroska, úthald og einbeitingu við lestur bóka  
Að börnin fái að njóta þess að hlusta á sögu.  
Að börnin fái tækifæri til að tjá sig.  
Að börnin fái flæðilestur 2x í viku að lágmarki.

Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að  
framkvæma það?

Tveimur til þremur börnum boðið inn í hreiður.  
Fyrir fram ákveðin bók er lesin fyrir börnin.  
Barn situr í fangi kennara og sama bókin lesin fyrir hvert og  
eitt þeirra.  
Sama bókin lesin í 3-4 vikur fyrir börnin.  
Áhersla á eitt til tvö orð úr bókinni.

Ábyrgð

Deildarstjóri og starfsmaður sem ber ábyrgð á sinni viku.

Hvenær hefst og hvenær eru áætluð  
lok?

Hefst í október 2026 – júní 2027.

Hvenær og hvernig á að meta?

Hvaða aðferðir á að nota við matið  
(t.d. könnun, rýnihópur, fundir,  
viðtal við börn)

Metið mánaðarlega á deildarfundi.

Fara yfir blað þar sem merkt er við hve oft barn fer í  
flæðilestur og hvaða bók var lesin.  
Hvernig gengur að vinna með orð úr hverri bók.

Viðmið um árangur-Viðmið er  
gæðalýsing og/eða mælikvarði sem  
stuðst er við til að meta hvernig  
tókst að ná markmiði

Farið yfir matsblað annan hvern mánuð á deildarfundi.





Sólskinsbær börn fædd 2023 og  
2024

<b>Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)</b>	Hæglæti í fataklefa
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Að skapa ró og að börnin fái sinn tíma til að æfa sig að klæða sig.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Að farið sé einungis með 5 - 6 börn í fataklefan þegar farið er út og inn. Kenna þeim að klæða sig, biðja um aðstoð ef þau þurfa og þolinmæði í að bíða.
<b>Ábyrgð</b>	Deildarstjóri og deildarstarfsfólk
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	September 2026 – ágúst 2027
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Umræður á deildarfundum. Hvort allir starfsmenn séu að passa upp á það að fara með fá börn í fataklefan í einu. Að verið sé að kenna börnunum að biðja um aðstoðina ef þau þurfa.
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Að börnin öðlist það sjálfstæði að geta klætt sig, að þau nái að biðja um aðstoð ef þau þurfa á henni að halda og temja sér þolinmæði ef kennari er upptekinn að aðstoða hin börnin.

Sólskinsbær börn fædd 2023 og  
2024

<b>Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)</b>	Opinn efniviður og starf í anda Reggio Emilia.
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Leikefni verði mikið til verðlaus efniviður, að það sé hægt að nota hvað sem er sem leikefni.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Að börnin hafi meiri aðgang að verðlausu „dóti“, börnin geti náð sér sjálf í og valið sér leikefni.





<b>Ábyrgð</b>	Deildarstjóri og deildarstarfsfólk
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	September 2026 – ágúst 2027
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Taka fyrir hvernig gengur á deildarfundum. Athuga hvort við séum með nægilegt magn af verðlausum efniviði og safna þá meira ef eitthvað vantar.
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Tekin verður umræða um miðjan vetur og athugað hvort þetta henti deildinni og hvernig hefur almennt gengið að framfylgja þessu markmiði.

### Kardemommubær/Börn fædd árið 2022 og 2023

<b>Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)</b>	<b>Læsi í víðum skilningi/hljóðkerfisvitund – „Lubbi finnur málbein“.</b>
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Efla læsi með því að vekja áhga barnanna á bókstöfum og hljóðum þeirra.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Unnið með hvern staf í ákveðinn tíma samkvæmt áætlun. Unnið út frá hugmyndafræðinni „Lubbi finnur málbeinið“. Stafur lagður inn, hljóð kennt og táknið fyrir stafinn, Lubbalagið sungið og örsaga lesin. Hlutir og myndir í Lubbakössunum notaðir til að klappa atkvæð og jafnframt að vekja athygli á stafnum sem unnið með hverju sinni.
<b>Ábyrgð</b>	Deildarstjóri og allri starfsmenn.
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	September - maí 2027
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið</b>	Starfsmenn endurmeta á deildarfundum yfir starfsárið hvernig gengur, aðferðir, feril og hvort börnin eru áhugasöm og virk. Þar sem á deildinni verða börn fædd





<b>(t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	árið 2022 og 2023 er tekið tillit þess og ekki gerðar sömu kröfur til yngri barnanna og einnig tvítyngdra barna. Auk þess verður gott aðgengi að skrifffærum, blöðum og stafakubbum.
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Áhugi barna og hvort tekist hafi að fylgja áætlun eftir.

<b>Kardemommubær/Börn fædd árið 2022 og 2023</b>	
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)</b>	Hæglæti í fataklefa
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Að skapa meir ró og tíma til að leiðbeina og kenna börnunum að klæða sig og ganga frá fötum og skóm.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Að fara með 5 – 6 börn í einu í fataklefa bæði þegar farið er út og inn. Gefa þeim meiri tíma og tala við þau og leiðbeina. Kenna þeim að ganga frá fötunum sínum og skóm.
<b>Ábyrgð</b>	Deildarstjóri og allir starfsmenn.
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Ágúst 2026 - ágúst 2027
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Umræður á deildarfundum yfir starfsárið hvernig gengur og ef einhverjir einstaklingar eiga erfitt, að hjálpast að finna ráð til hjálpa þeim. T.d. að fara þá með einu barni í einu og gefa þeim góðan tíma til að læra.
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Að starfsmenn upplifi að markmið hafi náðst og að börnin hafi sýnt framfarir í sjálfshjáp og frágangi.





Kardemommubær/Börn fædd árið

2022 og 2023

Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Útinám og skráning úr útinámi
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að skapa fjölbreyttara útinám sem vekur áhuga barnanna. Einnig og bæta skráningar og hengja þær upp fyrir börn og foreldra sem hvatningu til samtals.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að skipta börnunum í hópa þannig að öll börn fari einu sinni í mánuði í gönguferð um nágrenni leikskólans. Ef ekki er hægt að fara í gönguferð einhvern mánuðinn eða þá sem viðbót við gönguferðir að setja upp kveikjur í garðinum sem vekja áhuga barnanna. Gera áætlun um gönguferðir og kveikjur í garðinum. Dæmi um kveikjur er t.d. gott aðgegni að vatni, tónlist og dans, skoða plöntur og skordýr með stækkunargleri eða búa til snjókarl. Taka ljósmyndir og gera skráningar, hengja upp þannig að börnin geti sýnt foreldrum og sagt frá hvað var verið að gera.
Ábyrgð	Deildarstjóri og allri starfsmenn.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September - júní 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Rætt á deildarfundum yfir starfsárið hvernig gengur. Ræða við börnin um gönguferðirnar og hvernig þeim fannst kveikjurnar í garðinum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Áhugi og virkni barna og hvort tekist hafi að fylgja áætlun eftir.





### Sjónarhóll börn fædd 2021 og 2022

<b>Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)</b>	Hæglæti í fataklefa.
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Að skapa ró í fataklefa og bæta umgengni þar.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Fara með 7-8 börn í fataklefann þegar farið er út og inn. Gefa þeim meiri tíma í fataklefa og kenna þeim að ganga frá fötunum sínum og skónum.
<b>Ábyrgð</b>	Deildarstjóri og deildarstarfsfólk
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Ágúst 2026- ágúst 2027
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Umræður á deildarfundum og skrá niður hvernig hefur gengið og hvað mætti laga. Eru starfsmenn að fara eftir því að fara með færri börn í fataklefa og erum þeir að leiðbeina þeim að ganga frá eftir sig. Taka viðtöl við börnin einu sinni í mánuði og spyrja þau um líðan sína í fataklefanum þetta væri gert fyrir deildarfundum.
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Taka myndir úr fataklefa í upphafi tímabilsins og gera það síðan einu sinni í mánuði fyrir deildarfund og skoða hvort einhver breyting hafi orðið á umgengni.

### Sjónarhóll börn fædd 2021 og 2022

<b>Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)</b>	Að börnin búi til samskiptasáttmála.
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Að börnin taki sjálf ábyrgð á því hvernig þau eiga í samskiptum og að það verði auðveldara að benda þeim á það að þetta sé þeirra samskiptasáttmáli. Stefnt er að því að börnin fari eftir sínum samskiptasáttmála.





<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Á haustönn verður byrjað á að ræða vináttu og hvernig góð samskipti eru, lesa bækur um vináttu, tala um tilfinningar og ræða hvernig þær tengjast samskiptum. Skipta börnunum í 6-8 börn í hóp og tala við þau um hvað þau vilji hafa í samskiptasáttmála og þegar allir eru búnir að fá að segja hvað þau vilja er niðurstaða allra hópanna rædd og sett í einn sáttmála sem þau síðan vinna með þau þurfa að skrifa upp á blað hvern sáttmála og myndskreyta ef þau vilja og það verður svo sett upp á vegg.
<b>Ábyrgð</b>	Deildarstjóri og deildarstarfsfólk.
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	September – nóvember 2026
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Á deildarfundum verður farið yfir það sem búið er að gera og þá metið hvað þurfi að vinna betur með börnunum. Út frá því tekin ákvörðun og unnið með það í framhaldi af því. Það er svo huglægt hvernig matið er því það er ekki fyrir fram vitað hvernig börnin taka á þessu.
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Börnin búa til samskiptasáttmála og starfsfólk á að minna börnin á að svona sé þeirra sáttmáli og eigum við ekki að fara eftir honum, ef samskipti barnanna er ekki í samræmi við sáttmálann þeirra. Umræðan um árangur er tekin á deildarfundum og starfsmenn minna hvern annan á að nota sáttmálann.

### Sjónarhóll börn fædd 2021 og 2022

<b>Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)</b>	Leggja áherslu á starf í anda Reggio Emelía og skapa umhverfi miðað við það.
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Hafa umhverfi, leikefni og sköpun fyrir börnin þannig að það sé áhugavert. Að hafa efnivið og umhverfi þannig að það kveiki áhuga barnanna að leika og vinna með það.





<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Það er verið að opna nýja deild, Hálsaskóg, og er markmiðið að miða innkaup og uppsetningu deildar í anda Reggio Emelía
<b>Ábyrgð</b>	Deildarstjóri, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Nóvember 2026 - janúar 2027
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Á deildarfundum ræða starfsmenn um hvernig þeim finnst hafa gengið og hvað betur mætti fara, koma með hugmyndir. Í janúar förum við ábyrgðaraðilar, yfir það sem búið er að gera og metum það á fundi hvernig hefur tekist til. Tökum viðtöl við börnin og heyrum hvernig þeim finnst að vera í þessu umhverfi.
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Eftir fund ábyrgðaraðila í janúar metum við hvað betur mætti fara út frá þeim væntingum sem gerðar voru í upphafi, skoðum við hvað hægt er að bæta eða breyta og vinnum að því fram að vori.

F. h. leikskólans .....

Inga Birna Sigurðardóttir

29. maí 2026

---

Leikskólastjóri

Dagsetning





### 9.3 Umsögn foreldraráðs

## Starfsáætlun 2026 – 2027

### Hulduheima

#### Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Ritað af Sjöfn f.h.foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans Hulduheima hefur farið yfir starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2026-2027. Starfsáætlunin byggir á traustum grunni fyrri ára en felur í sér nýjar spennandi áherslur sem áhugavert verður að fylgja eftir á komandi skólaári.

Starfsáætlunin er skýr, vel upp sett og aðgengileg öllum þeim sem vilja kynna sér hana. Innihald hennar endurspeglar metnað stjórnenda til að efla faglegt og öflugt skólastarf í samræmi við stefnu leikskólans. Slík áætlun er mikilvæg fyrir foreldra til að kynna sér starfsemi skólans, öðlast betri skilning á því starfi sem þar fer fram og fylgjast með umbótaverkefnum sem unnið er að.

Ánægjulegt var að sjá hversu mikil aukning hefur orðið á þátttöku starfsmanna í innra mati leikskólans, en allir starfsmenn sem hyggjast starfa áfram næsta vetur tóku þátt. Það er veruleg bæting frá fyrra ári og endurspeglar aukna þátttöku og samstöðu starfsfólks í þróun á skólastarfinu.

Jafnframt er alltaf bæði fróðlegt og ánægjulegt að lesa yfir niðurstöður mats barna leikskólans, þar sem sjónarhorn þeirra eru oft einlæg, skapandi og skemmtileg.

Í starfsáætluninni kemur fram að helstu áskoranir leikskólans síðasta vetur tengjast mikilli fjarveru starfsfólks, hljóðvist innan leikskólans og aðstæðum í fataklefa. Slíkar aðstæður geta haft áhrif á starfsanda og skapað álag innan starfshópsins sem og hjá börnunum. Um er að ræða krefjandi umbótaverkefni, en vonir standa til að með markvissum aðgerðum takist að bæta stöðuna á komandi starfsári.

Jákvætt er að sjá að í vetur var unnið að gerð samskiptasáttmála með það að markmiði að efla jákvæða vinnustaðarmenningu. Áhugavert verður að fylgjast með þeim áhrifum sem hann kann að hafa á starfsanda og samstarf innan leikskólans næsta skólaár.





Einnig er ánægjulegt að sjá aukna áherslu á innleiðingu Reggio Emilian hugmyndafræðarinnar og verður spennandi að fylgjast með þeirri þróun.

Umbótaáætlanir allra deilda Hulduheima bera með sér skýra sín og metnað til áframhaldandi þróunar á skólastarfinu. Áhugavert verður að fylgjast með innleiðingu þeirra og þeim árangri sem þær munu vonandi skila.

Líkt og í fyrri starfsáætlunum eru skipulagsdagar á komandi starfsári áætlaðir sex talsins og dreifast þeir nokkuð jafnt yfir skólaárið. Þar af eru þrjú skipulagsdagar sameiginlegir með öðrum leik- og grunnskólum innan Austur-Miðstöðvar.

Samstarf milli leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva er til fyrirmyndar og ber vott um gott samráð og fagleg vinnubrögð allra þeirra sem að því koma.

Sama má segja um foreldrasamstarfið á Hulduheimum. Þar starfar öflugt foreldrafélag sem stendur fyrir fjölbreyttum viðburðum og stuðlar að aukinni samveru foreldra og barna. Foreldraráð tekur virkan þátt í skólastarfinu með því að veita umsagnir um starfsáætlun og skólanámskrá, auk þess að sitja fundi þegar við á. Þá sóttu leikskólastjóri og einn fulltrúi foreldraráðs fund í Austur-Miðstöð þar sem Reykjavíkurléið leikskólanna var kynnt.

Unnið hefur verið að viðbyggingu við leikskólann og mun ný deild, sem ber nafnið Hálsaskógur, taka til starfa á komandi skólaári. Það er eftirtektarvert hversu hratt og vel hefur gengið að vinna framkvæmdina. Jafnframt er ánægjulegt að sjá hversu vel hefur tekist að halda uppi skipulögðu og góðu skólastarfi þrátt fyrir umfangsmiklar framkvæmdir, vinnuvélar og það rask sem slíku fylgir. Það ber vitni um góða skipulagningu, sveigjanleika og fagmennsku starfsfólks leikskólans.

Foreldraráð vill nota tækifærið og þakka fyrir ánægjulegt og viðburðaríkt skólaár. Starf leikskólans Hulduheima er ómetanlegt og skín það í gegn hversu vel er staðið að rekstri leikskólans og hversu vel er hugsað um börnin okkar.

Að lokum langar okkur að vitna í falleg og lýsandi orð leikskólastjóra: “Hver dagur í starfi leikskóla er líkt og að vera staddur í skemmtilegu ævintýri þar sem engin dagur er eins og hver dagur er sem óskrifað blað í okkar sögu”.





**Foreldraráð leikskólans skipa:**

Agnes Ísleifsdóttir

Hilmar Bjarnason

Sjöfn Óskarsdóttir





## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní**. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; [sfs@reykjavik.is](mailto:sfs@reykjavik.is)





## Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



